

**Viltu
prufukeyra
fram tíðina?**



vís

Við þurfum á þinni aðstoð að halda


Vissir þú að nýjasta tækni getur gert umferðina öruggari? Við erum að þróa nýtt app, Ökuvísi, sem hjálpar viðskiptavinum okkar að forðast slys. Þetta einfalda og sniðuga app hjálpar þér að fylgjast með akstrinum og hvetur þig til að keyra vel. Í samvinnu við viðskiptavini okkar viljum við fækka bílslysum á Íslandi.

Næsta skref í þessari þróun er að kalla hóp af áhugasömu fólki til liðs við okkur. Taktu þátt í að breyta því hvernig tryggingar virka – og fækka bílslysum í leiðinni.

Hafir þú spurningar varðandi Ökuvísi bjóðum við þér á að kíkja til okkar á

vis.is/okuvisir

TESTARINN



**Ertu
forvitinn
fiktari?**

Notaðu þína krafta til að þróa Ökuvísinn með okkur

Ertu til í að prófa appið og láta okkur vita hvað þér finnst? Þú þarft að hafa bílpróf til að komast í hópinn og auðvitað snjallsíma og bíl til umráða. Þetta er skemmtilegt hlutverk með fjölbreyttum hópi testara. Hjálpaðu okkur að gera appið geggjjað. Segðu okkur hvað er að virka og hvað ekki.

[Nánar á vis.is/okuvisir](https://vis.is/okuvisir)



Þessar sumarlegu stúlkur nutu sólargeislanna sem heiðruðu landsmenn með nærveru sinni í gær. Þær höfðu það náðugt og hlustuðu á tónlist í grasinu á Arnarhól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með Icelandair fyrir félagsdóm

FÉLAGSMÁL ASÍ hyggst láta reyna á lögmæti aðgerða Icelandair gagnvart Flugfreyjufélagi Íslands fyrir Félagsdómi. Bókun þess efnis var samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ í síðustu viku.

Í innanhússfréttabréfi ASÍ er vísað í minnisblað deildarstjóra lögfræðideildar ASÍ sem telur framferði Icelandair, með stuðningi SA, brjóta gegn ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur.

Tilgangur aðgerða Icelandair hafi augljóslega verið að hafa áhrif á afstöðu og þátttöku félagsmanna með því að hótta og hrinda í framkvæmd uppsögnum. Þá hafi fjöldauppsögn Icelandair falið í sér ólöglegt verkban.

Í minnisblaðinu segir að umrædd brot geti samkvæmt lögum varðað skaðabótum og sektum en ágreiningur aðila eigi undir Félagsdóm.

—sar / sjá síðu 2

Mörg börn skortir föt í haust

Umsóknum um efnislega aðstoð innan Hjálparstarfs kirkjunnar hefur fjölgað um rúm 40 prósent á 5 mánuðum. Engar fataúthlutanir hafa getað farið fram eftir að COVID-19 faraldurinn hófst hér á landi.

SAMFÉLAG „Það er meiri aðsókn hjá okkur núna en undanfarin ár,“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og vísar til fjölda umsókna frá barnafjölskyldum sem búa við kröpp kjör í upphafi skólaárs. Skólastarf hefst að nýju í vikunni og segir Vilborg áberandi hversu mörg börn skortir föt fyrir veturinn.

„Við höfum verið með skólatöskur fyrir þá sem eiga ekki skólatösku en aðallega finnum við aukna aðsókn í fötin. Marga vantar úlpur, yfirhafnir, íþróttaföt og sundföt,“ segir Vilborg og bætir við að fatamiðstöð Hjálparstarfs kirkjunnar hafi neyðst til að loka í kórónaveiru-faraldrinum svo engar fataúthlut-



Vilborg Oddsdóttir

anir hafi verið síðan faraldurinn hófst hér á landi.

Umsóknum um efnislega aðstoð til innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar hefur fjölgað um rúm 40 prósent síðastliðna fimm mánuði og hefur verið lagst í fjáröflun til að hægt sé að létta undir með sem flestum sem á þurfi að halda.

„Við erum náttúrulega búin að vera að kaupa það sem vantar, skóla-

töskur, trélit, nestisbox og allt þetta sem krakkarnir þurfa að eiga heima þó að flest sé til í skólanum. Margir eiga skólatösku síðan í fyrra en vantar föt fyrir komandi vetur,“ segir Vilborg. „Við verðum einhvern veginn að mæta þessum hópi,“ bætir hún við og hvetur fólk til að hafa samband þurfi það á aðstoð að halda.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar, tekur undir orð Vilborgar og segir gríðarlega aðsókn vera í bæði matargjafir og fatnað nú í upphafi skólaárs. „Við höfum afhent allar þær skólatöskur sem okkur hafa verið gefnar og ég finn ofboðslegan þunga í samfélaginu.“

Fjölskylduhjálpar rekur fatamarkað

þar sem notuð föt eru seld á sem lægstu verði og ágóðinn fer í starf félagsins. Ásgerður segir mikið hafa verið að gera á markaðnum og að mikil ásókn sé í úlpur og önnur útiföt. „Krakkana vantar greinilega skólatöskur og föt, ég finn mikið fyrir því.“


Þá segist hún búast við yfir þúsund umsóknum um aðstoð í næsta mánuði. „Þú getur rétt ímyndað þér allt fólk sem er búin að vera á hlutalaunum og alla þá sem var sagt upp fyrir þremur mánuðum og missa því vinnuna núna, og alla öryrkjana sem fá kannski 240 þúsund krónur útborgað. Þetta er bara ekki nóg, það má ekkert koma upp á.“ — bj

Njóttu sumarsins á vel smurðum bíl.
Smelltu bílnum í smurþjónustu HEKLU.

Pantaðu tíma
á www.hekla.is/smur



Veður



Hæg breytileg átt eða hafgola og bjartviðri, en skýjað með köflum suðaustanlands og sums staðar þokubakkar við sjávarsíðuna.

SJÁ SIÐU 16



Flugfreyjur sýna samninganefnd sinni stuðning fyrir fund í vor.

ASÍ ætlar með mál Icelandair fyrir Félagsdóm

FÉLAGSMÁL ASÍ hyggst láta reyna á lögmati aðgerða Icelandair gagnvart Flugfreyjufélagi Íslands (FFÍ) fyrir Félagsdómi. Bókun þess efnis var samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ í síðustu viku.

Í bókuninni er jafnframt lýst yfir stuðningi við FFÍ í málinu og staðfestu og baráttu félagsins fyrir réttindum félagsmanna þess fagnað.

„Nú þegar verði hafinn undirbúningur undir að látið verði reyna fyrir Félagsdómi á lögmati framgöngu Icelandair með stuðningi SA í deilunni við FFÍ um grundvallarreglur varðandi samskipti á vinnumarkaði,“ segir enn fremur í bókuninni.

Um þetta má lesa í innanhússfréttabréfi ASÍ. Þar er einnig vísað í minnisblað deildarstjóra lögfræðideildar ASÍ sem telur framferðir Icelandair, með stuðningi SA, brjóta gegn ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur.

Tilgangur aðgerða Icelandair hafi augljóslega verið að hafa áhrif á afstöðu og þátttöku félagsmanna FFÍ með því að hóta og hrinda í framkvæmd uppsögnum. Þá hafi fjöldauppsögn Icelandair falid í sér ólögmett verkþann. Er þar vísað til þess að Icelandair hafi lýst því yfir að leitað yrði samninga við annað stéttarfélag þar sem viðuræður við FFÍ væru árangurslausar.

Í minnisblaðinu segir að umrædd brot geti samkvæmt lögum varðað skadabótum og sektum en ágreiningur aðila eigi undir Félagsdóm.

– sar

Líkamshitinn mældur



Þessu forlata skjátæki var komið fyrir á skrifstofu Embættis landlæknis fyrir skemmstu. Jóhann K. Jóhannsson, upplýsingafulltrúi ríkislögreglustjóra, segir að tilgangur tækisins vera að miðla upplýsingum um smitvarnir en það geti einnig tekið líkamshita. Jóhann þorir ekki að fullyrða hversu nákvæmt tækið sé en það geti gefið fólki vísbendingar um hitann. Ekki hefur verið ákveðið að setja fleiri slík upp. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Ákærður fyrir sérstaklega hættulega árás

DÓMSMÁL Embætti héraðsáskóknara hefur ákært fertugan karlmann fyrir sérstaklega hættulega líkamssárs sem átti sér stað í september árið 2019.

Manninum er gefið að sök að hafa hent konu á þritugsaldri fram af svölum íbúðar sinnar á annarri hæð í Hólshverfi í Breiðholti. Konan hlaut heilahristing, blæðingar og bólgur undir húð í andliti ásamt skurðum yfir kjálka vinstra megin, brot á tveimur stöðum í neðri kjálka, brot í kinnholu í efri kjálka, brot á mjaðmarbeini og tennur brotnuðu.

Maðurinn var á skilorði þegar meint brot átti sér stað. Héraðsáskóknari fer fram á að maðurinn verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Konan gerir einkaréttarkröfu og krefst þess að maðurinn greiði henni rúmar 7,5 milljónir króna í skadabætur. – hó

Ayah segist ekki þola orðið „flóttamaður“

Hin nítján ára Ayah Ahmad á sér þann draum að hefja nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hún ávarpaði málþing um þróun íslenskukennslu á Ísafirði um helgina. Hún segist ekki þola orðið „flóttamaður“, allir séu mennskir.

SAMFÉLAG Hin nítján ára Ayah Ahmad, menntaskólanemi og aðstoðarkennari, segir að sinn stóri draumur sé að læra meiri íslensku og hefja nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Þetta kom fram í ávarpi hennar á málþingi um íslenskukennslu sem fram fór í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um helgina.

Ayah flutti með fjölskyldu sinni til Ísafjarðar í marsmánuði árið 2018. Þar áður höfðu þau búið í sex ár í Jórdaníu, þangað sem þau flúðu vegna borgarastyrjaldarinnar í heimalandi þeirra, Sýrlandi.

„Sumir komu illa fram við okkur vegna þess að þeir litu niður á okkur og kölluðu okkur flóttamenn. Ég hata þetta orð. Flóttamaður.“

Ayah sér nú fram á að útskrifast á þremur árum en hafði áður verið vörud við að það gæti tekið hana allt að fimm ár vegna tungumálsins.

„Fyrst þegar ég kom til Íslands grét ég á hverjum degi. Þetta er mjög kalt land og ég þekkti engan og saknaði vina minna. Ég var alltaf sorgmædd,“ segir Ayah. „En núna er ég á síðasta árinu mínu, og klára á aðeins þremur árum eins og hinir nemendurnir. Að læra íslensku var alls ekki auðvelt. Það er nýtt tungumál og nýtt starf,“ segir Ayah.

„Fólkið hérna á Íslandi er svo gott og svo sætt og brosir alltaf og eftir smá stund fannst mér ég ekki lengur vera skritin,“ segir Ayah. Hún saknar vina sinna í Jórdaníu mikið.

Fjölskyldan lenti í vandræðum í desember síðastliðnum þegar hún ferðaðist til Jórdaníu til að sækja þjónustu sýrlenska sendiráðsins þar.

„Við lentum í vandræðum vegna þess að við erum frá Sýrlandi og



Ayah flutti til Ísafjarðar 2018 eftir sex ára dvöl í Jórdaníu. MYND/ADSEND

Fyrst þegar ég kom til Íslands grét ég á hverjum degi. Þetta er mjög kalt land og ég þekkti engan og saknaði vina minna. Ég var alltaf sorgmædd.

Ayah Ahmad

tvisvar á dag. “Á Íslandi voru þau svo sótt af lögreglu í flugvélina. Mér fannst ég vera glæpamaður og þessi tilfinning særði hjarta mitt. Það er þetta sem er erfitt við að vera flóttamaður.“

Það hafi verið gott að koma heim. „En lífið er ekki alltaf fullkomlið. Þegar kórónavírusinn kom urðu allir hræddir og þegar ég fór til dæmis í Nettó voru allir að flýja frá mér, aðeins vegna þess að ég er ekki frá Íslandi. Ég varð sorgmædd og sagði þeim að ég væri úr annarri menningu og klæðist slæðu en það þýðir ekki að ég sé með vírusinn,“ segir Ayah. Lengri frétt má lesa á frettabladid.is. odduraevar@frettabladid.is

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

ALLIR HÆGINDASTÓLAR Á 20% AFSLÆTTI

SÝNINGAR
HÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM
20-50%
AFSLÁTTUR

ZOE
ÚTSÖLVERÐ FRÁ
239.040 KR.
FULLT VERÐ FRÁ 298.800 KR.



PEGGY
ÚTSÖLVERÐ FRÁ
255.760 KR.
FULLT VERÐ FRÁ 319.700 KR.



WIZAR
ÚTSÖLVERÐ FRÁ
167.920 KR.
FULLT VERÐ FRÁ 209.900 KR.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

**MIKIÐ ÚRVAL AF
HÆGINDASTÓLUM**

Á fimmta tug flóða fallið á varnargarða

SNJÓFLÓÐ Meira en 40 snjóflóð hafa fallið á þá varnargarða sem byggðir hafa verið upp á undanförunum áratugum. Er um að ræða garða á Flatseyri, Bolungarvík, Ísafirði, Bíldudal, Siglufirði og Seyðisfirði. Þetta kemur fram í skýrslu sem Ofanflóðanefnd lét gera um starfsemi sína, árin 2009 til 2017.

Fram kemur að flest flóð hafi

fallið á leiðigarða undir Skollahvíft og Innra-Bæjargil við Flateyri, varnargarð við sorpbrennsluna í Skutulsfirði og leiðigarða undir Ytra-Strengsgili og Jörundarskál í Siglufirði. Níu flóð hafa fallið á einn og sama staðinn.

„Þessi fjölmörgu snjóflóð staðfesta í stórum dráttum hættumatið sem lagt hefur verið til grund-



Snjóflóðavarnir við Neskaupstað. MYND/TÓMAS JÓHANNESSON

» Níu flóð hafa fallið á einn og sama staðinn.

vallar við hönnun garðanna,“ segir í skýrslunni. „Einnig sýnir fjöldi þeirra flóða sem fallið hafa á garðana sem fyrst voru reistir, réttmæti forgangsröðunar varnarvirkjaframkvæmda sem ákveðin var í samráði stjórnvalda og sveitarfélaga eftir

snjóflóðasýslin í Súðavík og á Flatseyri 1995.“

Eins og margir muna féllu stór flóð á Flatseyri í janúar síðastliðnum og ung stúlka festist inni á heimili sínu en var bjargað. Fóru þau flóð yfir varnargarðana á tveimur stöðum, en það eru talin ein stærstu flóð sem fallið hafa á leiðigarða í veraldarsögunni. – khg



Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, staðgengill sóttvarnalæknis.

Fimm af sex voru í sóttkví

COVID-19 Sex einstaklingar greindust með innanlandssmit á sunnudaginn var og voru fimm þeirra sem voru jákvæðir í sóttkví við greiningu. Allt smitið greindist hjá Landspítalanum og eru eins og sakir standa 117 í einangrun með virkt smit hér á landi.

» Smitaður einstaklingur á áttræðisaldri var lagður inn á spítala fyrir helgi.

Tvö sýni voru jákvæð á landamærum og bíða báðir aðilar eftir niðurstöðu úr mótefnaeiningu. Nú eru 919 einstaklingar í sóttkví og fjölgaði þeim um 69 frá deginum áður þegar þeim fjölgaði um tæplega 200 milli daga.

Alls voru 1.365 sýni tekin við landamæraskimun í gær og 291 sjúklingasýni greind í sýkla- og veirufræðideild Landspítalans. Nýgengi innanlandssmits síðastliðna 14 daga á hverja 100 þúsund íbúa heldur áfram að hækka milli daga og er nú 18,3.

Karlmáður, sem greindist með veiruna og lagður var inn á gjörgæsludeild Landspítala í byrjun þessa mánaðar og var í öndunarvél um tíma, hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

Þetta kom fram í máli Kamillu Sigríðar Jósefsdóttur, staðgengils sóttvarnalæknis, á upplýsingafundi almannavarna í gær. Kamilla sagði enn fremur á fundinum að smitadur einstaklingur á áttræðisaldri hafi verið lagður inn á sjúkrahús fyrir helgi. Hann sé enn innliggjandi en þó ekki á gjörgæslu eins og sakir standa. – epá

Faraldurinn hefur engin áhrif á byggingu nýs Landspítala

COVID-19 faraldurinn hefur ekki haft nein áhrif á uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Útboð á uppsteypu meðferðarkjarnans er handan við hornið. Fimm verktakafyrirtæki buðu í verkið og eru fyrirtækin nú á lokastigi tilbudsgerðar. Tilboðin eru á bilinu 68 til 86 prósent af kostnaðaráætluninni.

HEILBRIGÐISMÁL Vinnan við uppbyggingu nýja Landspítalans við Hringbraut er á áætlun og hefur COVID-19 faraldurinn ekki haft nein áhrif á framgang uppbyggingarinnar.

„Nú er opnun á útboði um uppsteypu meðferðarkjarnans handan við hornið en tilboðin frá verktökunum fimm sem stóðust forvalið verða opnuð á föstudaginn. Grunnurinn stendur tilbúinn, jarðvinnu lokið og ÍAV sem var með jarðvinnuna er farið af staðnum,“ segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf.

Næsta stóra skrefið í framkvæmdinni er að hefja smíði á rúmlega 70 þúsund fermetra meðferðarkjarna og bílakjallara.

„Það hafa verið opnuð tvö útboð tengd uppsteypunni á síðustu vikum. Gerður verður samningur við verkfræðistofuna Eflu á 34,7 milljónir króna, eða 28 prósent af kostnaðaráætlun, í yfirferð á séruppráttum. Síðan er verið að fara yfir hæfis- og hæfnismat vegna tilboda í verkfræðivinnu og verkefirlit, en fimm fyrirtæki buðu í verkið, sem er á kostnaðaráætlun upp á 508 milljónir króna. Tilboðin voru á bilinu 68 til 86 prósent af kostnaðaráætluninni,“ segir Gunnar. „Það mun taka okkur örfáa daga að yfirfara gögnin og fljótlega ætti að liggja fyrir ákvörðun um val á tilboði.“

Ýmis önnur útboð eru einnig yfirstandandi. „Auðvitað er útboðið um uppsteypuna, sem hljóðar upp á marga milljarða stóra málið, en ég geri ráð fyrir að verktakarnir fimm sem um ræðir, Eykt, Íslenskir aðalverktakar, Ístak, Rizzani De Eccher og ÞG verktakar, séu



Bílakjallarinn undir nýja Landspítalanum á að minna á þann sem er undir Hörpu. MYND/NLSH

» Aðalmálið er að allir standi saman um að koma verkefnum áfram í loftið og finn ég ekki annað en að þjóðin öll standi nær óskipt þar að baki.

Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf.



nú á lokastigi í tilbudsgerðinni, sem stendur yfir í nær átta vikur. Þá eru tvö útboð opin og í auglýsingu hjá Ríkiskaupum, bæði vegna vinnubúðasvæðisins. Annað snýst um jarðvinnu og veitnagerð á svæðinu og hitt um vinnubúðirnar sjálfar, kaup á gámum, en tilbudsfristur er til 3. september,“ segir Gunnar.

Stærstum hluta starfa verkfræðistofnunarinnar verður áfram útviðað þó að bætt hafi verið við verkfræðistofnunum. „Daglega vinna tugir hönnuða að hönnun á meðferðarkjarninum, rannsóknahúsinu og lokaáfangi gatnahönnunar. Fljótlega munum við efna til forvals

í aðdraganda útboðs vegna bílastæða- og tækni húss á svæðinu. Í húsinu verður annars vegar varaflskerfi fyrir spítalann og hins vegar allt að 550 bílastæði. Í apríl var gerð opinber markaðskönnun tengd húsinu og var mikill áhugi hjá verktökum á þessu húsi. Húsið er mjög lítið miðað við meðferðarkjarnann og ætti því að höfða til mun fleiri verktaka en ella,“ segir Gunnar. „Aðalmálið er að allir standi saman um að koma verkefnum áfram í loftið og finn ég ekki annað en að þjóðin öll standi nær óskipt þar að baki.“

arib@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

**VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.
9.359.403 KR. M/VSK.**

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFHENDINGAR STRAX

**BJÓÐUM UPP Á
35" - 40" BREYTINGARPAKKA
FRÁ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍS BAND**

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

LOKADAGAR SPARIDAGA

Í ORMSSON & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM ORMSSON UM LAND ALLT!

AEG

frá 15%
afsláttur



brabantia

20%



frá 15%
afsláttur

SAMSUNG



75" sjónvörp frá
199.990 kr



TEAC

plötuspilarar

20%



Tefal

pottar & pönnur



20%



LEVENHUK

handsjónaukar, stjörnujónaukar
og smásjár

20%



Klipsch

hátalarar

20%

Jamo

hátalarar



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



Lúkasjenkó finnst sér ógnað.

Forsetinn lét sjá sig með byssu

HVÍTA RÚSSLAND Það er til marks um þá ólgu sem ríkir í Hvíta-Rússlandi að forsetinn, Alexander Lúkasjenkó, er farinn að láta sjá sig með vélbyssu á almannafæri. Lúkasjenkó sást stíga út úr þyrlu á mánuðag með Kalishnikov-riffil. Væru þetta skilaboð frá forsetanum um að hann myndi ekki víla fyrir sér að beita hörðu ofbeldi gegn þeim sem kalla eftir afsögn hans.

200 þúsund manns mótmæltu í höfuðborginni Minsk á sunnudag og eru það fjölmennustu mótmælin til þessa. Viða saúst hinir hvítu og rauðu fánar sem mótmælendur hafa gert að sínum.

Tveir af skipuleggjendum mótmælanna voru handteknir á mánuðag, Olga Kovalkova og Sergei Dylevsky, en engar skýringar hafa verið upp gefnar af lögreglu. Talið er líklegt að þau og fleiri verði sótt til saka fyrir að ógna þjóðaröryggi. Hafa bæði hvítrússneskir embættismenn og rússneskir sakað mótmælendur um að kynda undir blóðbaði í landinu. Þá hefur varnarmálaráðuneyti Hvíta-Rússlands tilkynnt að herinn muni koma í auknum mæli að því að fást við mótmælin, frekar en lögreglan. – khg

Navalní líklega byrjað eitur

RÚSSLAND Charite-sjúkrahúsið í Berlín í Þýskalandi telur líklegt að Alexei Navalní hafi verið byrjað eitur. Navalní, ötull gagnrýnandi ríkisstjórnar Vladimir Pútín, veiktist í innanlandsflugi í síðustu viku.

Dagana á undan hafði hann birt myndbönd þar sem hann lýsti yfir stuðningi við mótmælin í Hvíta-Rússlandi. Eftir stutta dvöl á sjúkrahúsi í Síberíu, þar sem læknað vildu ekki staðfesta eitrun, fékkst leyfi til að flytja Navalní til Þýskalands. Stuðningsmenn Navalnís telja líklegt að honum hafi verið byrjað eitur í tei sem hann drakk.

Sjúkrahúsið segir ekki vitað hvaða efni um er að ræða, en hafi áhrif á taugakerfið. Navalní er byrjaður á meðferð til að vinna gegn áhrifum eitursins en óvíst er með varanleg áhrif. Hann er nú í dái. – ab

Trump útnefndur frambjóðandi Repúblikana

STJÓRN MÁL Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, var í gær formlega útnefndur sem forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins á fyrsta degi landsþings flokksins sem haldið er í þessari viku. Kosningarnar verða 3. nóvember næstkomandi.

Útnefningin fór fram við látlauða athöfn í ráðstefnusal í Charlotte en vegna kórónaveirufarald-

ursins verður landsþingið með höfstemmdari hætti en vaninn er.

„Ef við viljum gera allt brjálað ættum við að segja 12 ár í viðbót. Þetta eru mikilvægustu kosningar í sögu Bandaríkjanna í ljósi þess hvernig ástandið er í heiminum,“ sagði Trump þegar hann ávarpaði hópinn sem hrópaði ákaft: Fjögur ár í viðbót, undir ávarpi Trumps.

Eitt af kosningaloförðum Trumps er að ná að setja bóluefni á markað í Bandaríkjunum fyrir komandi kosningar. Embættismenn í Hvíta húsinu vinna að því hörðum höndum að fá flýtimeðferð á leyfisveitingu á notkun bóluefnis sem er í þróun hjá vísindamönnum sem starfa á vegum Oxford-háskólans og vinna að gerð bóluefnisins í

samstarfi við bresk-sænska lyfjafarisann AstraZeneca. Einn möguleikinn sem Trump og ríkisstjórn hans velta upp er að bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið veiti neyðarheimild fyrir notkun bóluefnisins í Bandaríkjunum í október, einum mánuði fyrir komandi kosningar þar í landi. – hó

Samstarfsverkefni verði skylda á höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi segir nauðsynlegt að lögfesta samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á tilteknum sviðum. Þau þurfi öll að taka þátt í fjármögnuninni sem nú lendi helst á Reykjavíkurborg. Sjö af hverjum tíu telja að sameina megi sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Fyrirkomulag sveitarstjórnarstigsins á höfuðborgarsvæðinu er ekki ofarlega í huga íbúa þess þótt viðhorfið kunnist að vera jákvætt þegar málið er ekki á dagskrá,“ segir Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Fréttablaðið lét fyrr í sumar gera skoðanakönnun þar sem spurt var um hug fólks til sameiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt könnuninni telja sjö af hverjum tíu íbúum höfuðborgarsvæðisins að sameina megi einhver sveitarfélög á svæðinu.

„Svæðið er nær því ein samfelld byggð og því fylgja verkefni og áskoranir sem ekki er alltaf æskilegt eða hægt að takast á við með frjálsum samstarfi þeirra sveitarstjórna sem það myndar. Því tel ég að nauðsynlegt sé að setja í lög ákvæði um að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skuli vinna saman að tilteknum verkefnum,“ segir Sigurður, sem starfaði um árabil í fjármálaráðuneytinu þar sem hann fékkst meðal annars við málefni sveitarfélaga.

Meðal slíkra verkefna gætu verið skipulagsmál, umferðarmál og almenningsamgöngur, veitur, úrgangsmál og önnur umhverfismál, félagsmál og tiltekin menningarmál. Sigurður bendir á að í sumum þessara málaflokka sé nú þegar til staðar mikil frjáls samvinna.

„Ég tel hins vegar nauðsynlegt að lögfesta þessa samvinnu og hún verði hluti af þeirri höfuðborgarstefnu sem ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að komið verði á. Öll sveitarfélögin þurfa að taka þátt í fjármögnun þessara verkefna sem nú lenda mörg hver af mestum



Reykjavík ber þungann af fjármögnun ýmissa sameiginlegra verkefna á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Munur á mesta og minnsta kostnaði á íbúa er 14 prósent í stærsta útgjaldaliðnum, fræðslumálunum

Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur

þunga á Reykjavíkurborg.“

Staða sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er mismunandi. Til dæmis er útsvarstofninn á hvern íbúa 17 prósentum yfir landsmeðaltali á Seltjarnarnesi en fjórum prósentum undir meðaltali í Mosfellsbæ. Lægra útsvarshlutfall gefi tekjuháum sveitarfélögum hærrí

tekjur á íbúa en hinum tekjulægri.

Það sama gildi um útgjöld sveitarfélaganna. „Ástæðan er ekki bara ákvarðanir sveitarstjórna. Munur á mesta og minnsta kostnaði á íbúa er 14 prósent í stærsta útgjaldaliðnum, fræðslumálum. Í félagsþjónustu annars vegar og umferðar- og samgöngumálum hins vegar hefur Reykjavíkurborg umtalsvert hærrí kostnað en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.“

Þannig er kostnaður borgarinnar vegna félagsþjónustu tvöfaldur á hvern íbúa miðað við Kópavog, næstfjölmennasta sveitarfélag landsins.

„Hér sést að Reykjavíkurborg þarf oft að takast á við verkefni

sem sinnir er á einum stað á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel landinu öllu,“ segir Sigurður.

Hann segir að frjáls samvinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tiltekin verkefni sé af hinu góða þegar vel gangi en ef eitthvað komi upp geti steytt á skeri og samvinnan komist í uppnám.

„Sérstæða höfuðborgarsvæðisins krefst þess að mínu mati að samstarfi og fjármögnun verkefna sem nauðsynlegt er að leysa fyrir svæðið allt verði komið í formlegan farveg. Ég er samt ekki að leggja til að komið verði á nýju stjórnáráðgjafi fyrir landið allt. Þar þarf að koma til umfangsmikil sameining sveitarfélaga.“ sighvatur@frettabladid.is

Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma 517 5500 eða sendu póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN
GLÆSIBÆ

OPNUNARTÍMI
Mán.- fös.
kl. 08:30-18:00

LYFSALINN GLÆSIBÆ
Álfheimum 74 104 Reykjavík
Sími 517 5500
www.lyfsalinn.is
lyfsalinn@lyfsalinn.is



HAUST ÚTSALA

PARKET
FLÍSAM
HURÐIR

GERÐU GÓÐ KAUP
ÞÚ GETUR SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA

Birgisson®



OKKAR VÖRUR ERU UMHVÆFISVOTTADAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Tíu vikur



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Donald Trump hefur nú tíu vikur til stefnu. Þann 3. nóvember verður frammistaða hans undanfarin fjögur ár lögð í dóm bandarískra kjósenda. Trump er vanur því að hlutirnir snúist um hann sjálfan og nokkuð ljóst að komandi kosningar munu fyrst og fremst gera það.

Flokksþing Repúblikana hófst í gær þar sem Trump og Mike Pence voru formlega tilnefndir sem forseta- og varaforsetaefni flokksins. Þingið mun standa fram á fimmtudag en þar verða linurnar lagðar fyrir lokahnykk kosningabaráttunnar. Til marks um sjálfumgleði forsetans lætur hann ekki duga að flytja ræðu á lokadegi flokksþingsins eins og venjan er, heldur mun hann koma við sögu alla dagana.

Skoðanakannanir þessa dagana lita ekki vel út fyrir Trump. Samkvæmt þeim nýjustu hefur Joe Biden, forsetaefni Demókrata, átta til tíu prósentustiga forskot á forsetann. Hefur sitjandi forseti aldrei staðið jafn illa á sambærilegum tímum en tölur um slíkt eru til frá 1968. En tíu vikur eru langur tími í pólitík og margt getur enn gerst.

Trump kynnti í gær stefnumál í 50 liðum fyrir seinna kjörtímabil sitt. Það er sagt byggja á „ótrúlegum árangri forsetans á fyrra kjörtímabilinu“. Þar er að finna ýmis kunnugleg stef úr kosningabaráttum um heim allan. Lægri skattar og fleiri störf. Öllu frumlegri eru loford um mannaða ferð til mars og varanlega viðveru á tunglinu.

En meðal þessara loforda er einnig að finna furðulegar áherslur sem beint er gegn glóbalistum. Þar boðar Trump sókn gegn alþjóðastofnunum sem skaði bandaríska þegna. Samband Trumps við umheiminn hefur verið vægast sagt stírt og kannski þurfa slíkar áherslur ekki að koma á óvart. Engu að síður er það mikið áhyggjuefni að Bandaríkjaforseti fari fram með slíkum málflutningi.

Ánægja með störf Trumps hefur verið undir 50 prósentum allt kjörtímabilið. Undanfarið ár hefur verið forsetanum sérstaklega erfitt, bæði vegna heimsfaraldursins og mótmælaöldunnar sem reis eftir morðið á George Floyd. Skelfileg viðbrögð Trumps við umræddum atburðum virðast hins vegar lítil áhrif hafa á stóran hóp kjósenda.

Þannig telja, samkvæmt nýrri könnun, 57 prósent repúblikana fjölda dauðsfalla vegna COVID-19 vera ásættanlegan. Aðeins tíu prósent Demókrata eru þessu sammála og 33 prósent þeirra sem styðja hvorugan flokkinn. Um helgina fjarlægði Twitter færslu Trumps þar sem hann jáði að því að fólk gæti smitast af COVID við að snerta sérstaka póstkassa þar sem hægt er að skila kjörseðlum.

Miðað við stöðuna sem Trump er í má búast við að tilraunir hans til að ná eyrum kjósenda verði sífellt örvæntingarfyllri. Þau Joe Biden og Kamala Harris eru ekki í öfundsverðu hlutverki að þurfa að takast á við andstæðing sem er jafn lítið annat um sannleikann eins og Trump. Vonandi mun þeim auðnast að standa af sér popúlískar árásir og gefa Bandaríkjunum og heiminum öllum von um ögn bjartari framtíð.



Miðað við stöðuna sem Trump er í má búast við því að tilraunir hans til að ná eyrum kjósenda verði sífellt örvæntingarfyllri.

Halldór



Frá degi til dags

Baka vandræði

Jói Fel hefur bakað sér vandræði og nú dugar ekki að hnykla bara vöðvana. Bakariíð, sem kennt er við Jóa, er nú á leiðinni í þrot þar sem Lífeyrissjóður verslunarmanna hafði ekki lyst á meira bakkelsi, einnig hafði bakariíð ekki greitt iðgjöld starfsmanna í meira en ár. Sökudólgurinn er augljós. Brauð & Co. Korníð fór í kleinu. Jói Fel er að breytast í mylsnu. Hérastubbur bakari tímur ekki að kaupa pipar. Ef súrdeigsæðið rennur ekki fljótt af landanum endar Myllan sem fyrirstaða á mínigolfvelli.

Þórdísarsumarið

Sumrin eiga það til að eignast nöfn. Sumar ástarinnar '67, Ringosumarið '84, Góðæris-sumarið '07 og Sumarið '69 með Bryan Adams. Ýmis nöfn koma til greina fyrir sumarið '20. COVID-sumarið til dæmis, en flestir voru reyndar búnir að gleyma því fyrri part sumarsins. Þórdísarsumarið er grúpplagt. Allt varð vitlaust yfir ummælum Þórdísar Þorfinnsdóttur um Kópasker og Raufarhöfn. Svo varð aftur allt vitlaust yfir gleði Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur. Þá hefur Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir þurft að fara fjórum sinnum í sóttkví og er löngu búin með Netflix. Fyrir utan aðrar Þórdísar sem standa á sínu. Þar á meðal Þórdísín í dálknum hérna hægra megin. arib@frettabladid.is

Blómstrandi Breiðholt



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir oddviti Viðreisnar og formaður borgarráðs

Hverfisskipulag, sem verið er að innleiða fyrir öll hverfi Reykjavíkur, miðar að því að gera fólki það einfaldara að byggja við húsnæðið sitt, bæta við svölum eða kvistum og fara í einfaldar breytingar. Hugmyndin er að fólk fái því betur stjórnað hvernig það nýtir húsnæðið sitt og lódir. Reykvíkingar munu taka eftir einföldun kerfisins og gagnsæinu sem fylgir þegar skýrt er hvaða breytingar eru leyfilegar.

Þegar hefur hverfisskipulag tekið gildi fyrir Árbæ og verið er að kynna hverfisskipulag fyrir Breiðholt, eftir mikið samráð við íbúa á öllum aldri. Tillögurnar byggja á óskum íbúa hverfisins sem fram komu í samráðsferlinu. Áfram verður unnið og munu öll hverfi borgarinnar fá sitt hverfisskipulag, unnið í samráði við íbúa.

Við þurfum að fara inn með úthverfin. Það þýðir að meirihlutinn í Reykjavík vill styrkja öll hverfi borgarinnar til að hægt sé að sækja þjónustu við hæfi í nærsamfélaginu. Nýtt hverfisskipulag fyrir Breiðholt gerir ráð fyrir tölverðri uppbyggingu þar sem eigendum fjölbýlishúsa verður heimilt að bæta við hæð ofan á hús og fjármagna þannig lyftuhús eða útbúa íbúðir í bílskúrum og í viðbyggingum. Engum er gert skylt að fara í framkvæmdir en þau sem vilja munu upplifa einfaldara viðmót við leyfisveitingar.

Í hverfisskipulaginu fyrir Breiðholt má finna tillögur að spennandi uppbyggingu, svo sem að styrkja hverfiskjarna í Arnarbakka, í Fellunum og í Rangárseli. Þá er verið að leggja til uppbyggingu á vetrargarði í skíðabrekunnar í Seljahverfi og að heimila matjurtagarða og gróðurhús víðs vegar í borgarlandinu. Samhliða vinnu við hverfisskipulag hefur borgarráð samþykkt að finna nýju fimleika- og danshúsi stað í Efra-Breiðholti.

Breiðhylltingar eru hvattir til að taka þátt í léttum göngutúrum í dag, miðvikudag og fimmtudag um hverfið, þar sem sagt verður frá uppbyggingarhugmyndum og spurningum svarað. Starfsmenn borgarinnar verða einnig þessa vikuna í Mjódd til að kynna hverfisskipulagið.



Breiðhylltingar eru hvattir til að taka þátt í léttum göngutúrum í dag, miðvikudag og fimmtudag.

RÝMI
OFNASMÍÐJAN



METALSISTEM®
Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Stafræn sveitarfélög



Jökull Sólberg Auðunsson
stofnandi
Planitor

efnum sem þessum er ótvíræður. Í fyrsta lagi eykst þjónustustig stofnana við það að geta tekið við fyrirspurnum öllum stundum og dögum ársins. Í öðru lagi verður einfaldara fyrir borgara að sækja þjónustu sem viðkomandi á rétt á þar sem framsetning á skjámiðlum er alla jafna mun skýrari en í samtölum við skrifstofur embætta. Í þriðja lagi eykst afgreiðsluhraði með gagnaskilum milli stofnana þar sem til dæmis sakavottorð verður sótt með stafrænni fyrirspurn og auðkenni notaanda, en ekki ferðum umsækjenda til sýslumanna.

Meðvitund innan stofnana um allt þetta hagræði hefur stjórnendum lengi verið ljóst. Kúnstin við góða stafræna þróun felst í frjóu samstarfi við hugbúnaðarteymi og verkjala. Þar hafa mörg verkefni strandað og er togstreita stofnana við hugbúnaðarhús héraðs sem skila af sér misgóðum lausnum, seint og um síðir, til marks um það. Hér er við báða aðila að sakast: annars vegar reynsluleysi verkkaupa og hins vegar hugbúnaðarsala sem horfir til þjónustusamninga sem erfitt er að losa sig úr frekar en þróun lausna þar sem notendur eru í fyrirrúmi.

Fjármálaráðuneytið á hrós skilið fyrir að búa vel um þessa hnúta. Búið er að greina vandann vel og virkja einkageira til góðra verka við jákvæð skilyrði. Verkefni sem tengdust COVID fengu fyrst um sinn forgang, en nú þegar til dæmis Ferðaávisun er komin frá fara aðrar lausnir að líta dagsins ljós. Stafræn



Sveitarfélögin hafa sum hver tekið markviss skref í gerð nútímalegri lausna sem leysa pappírferla af hólmi.

afgreiðsla Fæðingarorlofsjóns er til að mynda ofarlega á óskalista fjölskyldufólks sem þarf enn þann dag í dag að reida sig á tölvupóstskipti og eigin útreikninga á réttindum.

Hvað með sveitarfélögin?

Sveitarfélögin hafa sum hver tekið markviss skref í gerð nútímalegra lausna sem leysa pappírferla af hólmi með sjálfsafgreiðslu. Þar má nefna ríflega 100 m.kr. lausn fyrir umsóknir um fjárhagsaðstoð

Reykjavíkurborgar sem var þróuð í samstarfi við Kolibri.

Reykjavík er þó bara eitt af 70 sveitarfélögum og fjárhagsaðstoð eitt af að minnsta kosti 20 öðrum sjálfsafgreiðsluferlum sem þurfa sambærilega meðferð og fjárfestingu frá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Fjárhagur sveitarfélaga fer versnandi um þessar mundir og óvist er hvar í forgangsröðinni stafrænu verkefni lenda. Langt gæti liðið á milli þeirra ferla sem rata í hendur notaanda, ef tiltekið sveitarfélag er yfir höfuð byrjað að vinna sig í gegnum þessi verkefni. Minnstu sveitarfélögin hafa sama og enga burði í sérþróun á hugbúnaði, og það þótt sameining skili sér í um 20 færri sveitarfélögum en eru rekin í dag.

Það væri óhagstæð niðurstaða ef hvert og eitt sveitarfélag, bundið af sínum fjárhag, ætlaði sérþróun á

hverju og einu ferli næstu árin. Það mun teyja bættu þjónustu til íbúa og rekstraraðila innan hvers sveitarfélags. Óskastaðan er heildræn nálgun þar sem málaflokkar, svið, ferlar, gagnasett og ábatagreining er uppi á borðinu og sveitarfélögin draga sig annars vegar saman um fýsileg samstarfsverkefni og hins vegar lýsa yfir hentugleika ákveðinna verkefna fyrir lausnir úr einkageira sem öll sveitarfélög geta gerst kaupendur að. Í enn öðrum tilfellum getur samstarf við Stafrænt Ísland skilað árangri.

Sum þessara verkefna sem eru framundan gætu hentað í þjónustukaup (e. Software-as-a-Service) þar sem lausnin er sköffuð af þriðja aðila og verkkaupi leigir án þess að þurfa að fara í sérþróun, verkkaup eða flókið innleiðingarferli. Í þeim tilfellum taka einkaaðilar ákveðna áhættu með þróun á tækni og lausn á eigin kostnað. Fleiri fyrirtæki en ella munu taka slíka áhættu ef sveitarfélögin marka sér stafræna stefnu sem gerir þjónustukaupum og samstarfsþróun á þeim lausnum sérstaklega skil.

Stafræn vegferð og stefnumörkun gengur ekki bara út á útböð, verkkaup og þjónustusamninga. Huga þarf sérstaklega að tæknilegu sjálf-ræði þegar kemur að geymslu og meðhöndlun persónuupplýsinga og öðrum viðkvæmum gögnum sem sveitarfélögum bera lagalegar skyldur til. Að öllu þessu þarf að huga á næstunni ef þjónusta sveitarfélaga á að ná með tærnar þar sem ríkið verður með hælana innan skamms.

Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*



DACIA 4x4
DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS

2.790

ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

* m.v. 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Komið og reynsluakið

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019

Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri

Vískaþing 2 · Keldan

STÓRA BÍLASALAN

...á verði fyrir þig!



VEKTOR
hönnun og ráðgjöf



Tunguháls 10 · 110 Reykjavík · Sími 567 3440 · Fax 567 9192



A.J. Byggir ehf
Aðalverkstæðið ehf
Ævintýradalurinn ehf
áfengis og tóbaks-
verslun ríkisins
Ágúst Bogason ehf
AH Pípulagnir ehf
Áhaldaleigan ehf
Akureyrarapótek ehf
Akureyrarkirkja
Almenna
lögþjónustan ehf.
AM Praxis ehf.
Argos ehf
Árnanes ehf
Arnardalur sf.
Arnarlax hf.
Ásahreppur
Aurum ehf
B. Hreiðarsson ehf
B.R. Sverrisson ehf
Baldvin og Þorvaldur ehf
Bati - sjúkrahjálfun ehf.
Beta bros ehf
Beta líf -
Borgarhóll ehf.
Bifreiðaverkstæði
Kópavogs ehf.
Bifreiðaverkstæðið Klet-
tur ehf
Bílasala Suðurlands ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílasprautun og rétt
Traus ehf.
Bjarni Fannberg
Jónasson ehf.
BK ehf
Blaðamannafélag
Íslands
Blíkkrás ehf
Blómagallerí ehf.
Bókhaldsstofan ehf.
Bókhaldsþjónusta
KOM ehf.
Bókrád, bókhald og
ráðgjöf ehf.
Bólstrarinn ehf.
Bolungarvíkur-
kaupstaður
Borg fasteignasala ehf.
Borgarbyggð
Borgargarðar ehf
Bortækni ehf.
BRA ehf.
Breiðan ehf
Brúskur hárstofa ehf.
Byggingafélagið
Sakki ehf
Danica sjávarafurðir ehf
(Danica Seafood Ltd.)
Dansrækt-JSB ehf
DGJ Málningar-
þjónusta ehf
dk Hugbúnaður ehf.
DMM Lausnir ehf.
Dómkirkjan
Dýrabær ehf
Dýralæknaþjónusta
Vesturlands ehf
Dýralæknirinn á
Breiðdalsvík
Eðalbyggingar ehf.
Efnalaugin Björg
Egersund Ísland ehf.
EKK ehf.
Eldstó ehf
Eldvarnarþjónustan ehf.
Elektrus ehf
Elísa Guðrún ehf
Endurskoðun Vest-
fjarða ehf.
Enor ehf.
Esja Gæðafæði ehf.
EVH verktakar ehf
Eyrarbyggð ehf
Fasteignasalan
Hákot ehf
Fasteignasalan
Miklaborg ehf.
Félag skipstjórnarmanna
Fínþússning ehf
Fiskbúð Hólmgeirs ehf.
Fjallabyggð
Fjallatindar ehf
Fjarðarþrif ehf
Flóahreppur
Flóra garðyrkjustöð ehf.
Fossvélar ehf
Framsýnt fólk ehf
Fuglar ehf.
Gamla fjósið ehf

Garbó ehf.
Garðabær
Garðar Jónsson
málarameistari
Gasfélagið ehf
Geotek ehf
Geymsla Eitt ehf
Gísli Geir ehf
Gjögur hf.
Gleipnir verktakar ehf.
Gler í Bergvík ehf
Glertækni ehf
GR Verk ehf
Grettir, vatnskassar ehf.
Grindavíkurbær
Guðmundur Arason ehf.
Háfell ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hafnarsjóður
Fjarðabyggðar
Hafsteinn Danielsson ehf
Haki ehf
Hársnyrtistofa
Sveinu Ragnarsd.
Hárstofan
Stykkishólmi ehf
Hátak ehf.
Heilbrigðisstofnun
Vesturlands
Heimir og Jens ehf
HH útgerð ehf
Hitaveita Egilsstaða
og Fella ehf.
Hjá Guðjón Ó ehf.
Hlé ehf.
Höfðakaffi ehf
HR Þjónustan ehf
Hraunhamar ehf
Hreinsitækni ehf.
Hurðalausnir ehf
Húsalagnir ehf
Húsprýði sf.
Hvalur hf.
Hveragerðissókn
Index tannsmíða-
verkstæði ehf
Ingi hópferðir ehf
Ísfix ehf
Íshúsið ehf
Íslensk erfða-
greining ehf.
Járnkarlinn ehf
JSÓ ehf.
Kaffi llmur ehf.
Keldan ehf.
Kjöthöllin ehf
Klausturkaffi ehf
Klettur-
Skipaafgreiðla ehf.
Kóði ehf.
Kólus ehf.
KOM ehf., kynning
og markaður
Kraftar og afl ehf
Krappi ehf
Krókur ehf
Krossborg ehf
Kurt og Pí ehf
Læknasetrið ehf
Landsbréf hf.
Landssamband
lögglumanna
Léttfeti ehf.
Lífeyrissjóður
Vestmannaeyja
Litlálón ehf
Ljósmyndaver
Hörpu Hrunnar ehf.
Loft og raftæki ehf.
Loftorka Reykjavík ehf.
Lögfræðistofa
Reykjavíkur ehf.
Logos slf.
Lögreglustjórnin á
höfuðborgars
Lotta ehf.
Malbikunarstöðin
Hlaðbær-Colas hf
Málningarþjónustan
J-R-J ehf
Maron ehf.
Marz sjávarafurðir ehf.
Meitill GT Tækni ehf
Mennta- og menning-
armálaráðun.
Merking ehf.
Mundakot ehf.
Múrefni ehf.
Myndform ehf
Nesey ehf.
Nesraf ehf

Nesskip hf.
Nonni litli ehf.
Nordica ráðgjöf ehf
Nýmót ehf.
Orka ehf
Orkubú Vestfjarða ohf.
Ós ehf
Ósal ehf
Pepp ehf.
Prentverk Selfoss ehf.
Rafey ehf
Rafís ehf.
Rafmiðlun hf.
Rafsetning ehf.
Rafstjórn ehf
Ragnar Sverrisson ehf.
Ragnar V. Sigurðsson ehf
Rannsóknarþjónustan
Vestmannaeyjum ehf
Rarik ohf.
Reki ehf
Réttskil ehf.
Reykjavíkurborg
Rima Apótek ehf
RR Tréverk ehf
S B S innréttingar
S.S. Gólf ehf
Sæplast Iceland ehf.
Samband ísl berkla/
brjósthólssj
Samiðn - Samband
iðnfélaga
Samtök starfsmanna
fjármálafyr
Sámur sápugetu ehf
Samvirkni ehf
Satúrnus ehf
SE ehf
Sér ehf
Sigurgeir G.
Jóhannsson ehf
Sigurjón Arnlaugsson ehf
Sildarvinnslan hf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Sjúkrahjálfun Georgs
Skagastrandarprestakall
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf.
Smith & Norland hf.
Smurstöð Akraness sf.
Stálbyggingar ehf
Stansverk ehf
Steinsmiðjan Rein ehf.
Steinull hf.
Stekkarvík ehf.
Stéttarfélagið Samstaða
Stjá Sjúkrahjálfun ehf.
Stökkhýlur ehf.
Suðurprófestsdæmi
Súlkus ehf
Sunnugarður ehf
Svansprent ehf
Svavar Á Sveinsson
Sveitarfélagið
Hornafjörður
Sýningaljos slf.
Tango slf
Tannlæknastofa Árna
Páls Halldórssonar
Tannlækningar ehf
Tannvernd ehf
TEG endurskoðun ehf.
Teiknistofa Páls
Zóphóníassonar ehf.
Teinar slf
Teledyne Gavia ehf.
Tengi ehf.
Tengir hf.
Terra umhveris-
þjónusta hf
THG Arkitektar ehf.
Thor Shipping ehf.
Tónskóli Sigursv D.
Kristinss
Tónspil ehf
Tréiðjan Einir ehf
Trítón sf
Trivium ráðgjöf ehf
Unit ehf.
Útgerðarfélag
Reykjavíkur hf.
Valafell ehf.
Vatnsvirkjar ehf.
Veiðivon ehf
Vélaverkstæði
Skagastrandar ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
Vélvirki ehf.
Vélvirkinn sf.
Verifone á Íslandi ehf.

Verkhönnun ehf
Verktækni ehf
Verkvík - Sandtak ehf
Verslun Haralдар
Júlíussonar
Verslunartækni
zog Geiri ehf
Verzlunarskóli Íslands
ses.
Við og við sf.
Vidd ehf
Vísir hf.
VSÓ Ráðgjöf ehf.
Wurth á Íslandi ehf.
You'll never walk alone,
Sauðárkróki
Þjónustustofan ehf.
Þórsberg ehf.
Þörungaverksmiðjan hf.
Þröstur Marsellíusson ehf
Þróttur ehf.



Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
www.kraftur.org

Takk fyrir að hlaupa af Krafti!

(var 21.484 kr)



Jet II - 105 cm

Tilboð
21.990 kr
(var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

Loftviftur eru snjöll leið til að dreifa varma og koma hreyfingu á loft. Loftviftur henta því vel í stofur, svefnherbergi, skrifstofur, í vöruhús og verksmiðjur. Á sumrin henta vifturnar til að kæla en á veturna til að jafna hitastig og draga úr kyndingu.

Tilboð
134.990 kr
(var 150.853 kr)



Risavifta - 254 cm
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð
59.990 kr
(var 65.373 kr)



Tilboð
24.990 kr
(var 27.367 kr)



Cyclone
132 cm

KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

Merkisatburðir

1970 Stífla er sprengd í Miðkvísl í Laxá í Suður-Pingeyjar-sýslu í mótmælaskyni við stækkun Laxárvirkjunar.

1976 Jacques Chirac segir af sér embætti forsætisráðherra Frakklands.

1985 6.500 konur taka þátt þegar kvennahlaupið Tjeimlen er haldið í annað sinn í Stokkhólmi.

1991 Hvíta-Rússland lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

2001 Hákon krónprins Noregs kvænist Mette-Marit Tjessem Høiby í Oslóardómkirkju.

2007 Valur vígir íþróttahöll í Vatnsmýrinni.



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,
Guðrún Halldórsdóttir

Systa
frá Ísafirði og síðar Bugðulæk 6,

lést sunnudaginn 16. ágúst á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju, föstudaginn 28. ágúst kl. 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir útförina, en athöfninni verður streymt: <https://www.facebook.com/groups/228677191833690/> Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vildu minnst hennar er bent á Friðuhús eða Alzheimersamtökin.

Ingibjörg Jóhannsdóttir
Þórður Jóhannsson

Jón Friðrik Bjartmarz
Olga Oussik

barnabörn, barnabarnabörn
Þórhildur Halldórsdóttir



Að loknum fundi. Aðalsteinn Óskarsson, Skúli Gautason og Ómar Bjarki Smárason spjalla. Guðmundur Þorsteinsson teflir skák við Kristjönu Svarfdal og Lina Björg Tryggvadóttir fylgist með ásamt seppa. MYND/KRISTJÁN Þ. HALLDÓRSSON

Einhugur í Árneshreppi

Íbúafundur fór nýlega fram í Trékyllisvík á Ströndum til að ræða átakið Áfram Árneshreppur sem hefur staðið yfir í þrjú ár. Skúli Gautason er verkefnisstjóri og var þar.

Þetta er fjórða íbúafundi í Árneshreppi á síðustu þremur árum, þau hafa alltaf verið býsna vel sótt, segir Skúli Gautason verkefnisstjóri hjá Vestfjarðastofu. „Upphaflega voru sett fram ein 35 markmið og mörg þeirra hafa náðst, enda er sigið á seinni part áætlunarinnar.

Nú var áherslan á grundvallaratriðin sem eru enn óleyst og standa allri framþróun fyrir þrífum, það er þriggja fasa rafmagn og vegabætur. Síðan töldu fundargestir mikilvægt að ná samningum um stuðning við sjávarútveginn

í formi sértæks byggðakvóta og aðstoð við nýliðun í landbúnaði.“

Skúli segir til fólk sem vill hefja sauðfjárbúskap í hreppnum og nýta aðstöðu sem þar er fyrir og segir alla sammála um að landið sé vanbeitt. „Það gerist nefnilega þegar ekki er nægileg beit á landinu að aðrar plöntur en þær sem fyrir voru taka yfir.“ Hann segir umræðu um virkjunarmál hafa frestast um sinn og andrúmsloft í hreppnum miklu afslappaðra en síðustu ár.

Það er hugur í Árneshreppi, að sögn Skúla „Þó meðalaldur íbúa sé hár er þeim alltaf að fjölga sem stunda strandveiðar frá Norðurfirði og hann á orðið

stað í hjarta þeirra. Ég veit að nokkrir eru að velta fyrir sér hvort þeir geti dvalið þar, en það er sama hverju verið er að pæla í, kjötvinnslu, fiskvinnslu, landeldi á fiski eða öðrum hugmyndum, allt strandar á þriggja fasa rafmagn.“ Hann segir það þó komið í næstu byggðir. „Það yrði farið með línuna yfir Trékyllisheiði, úr Selárdal beina línu norður í Djúpavík. Fyrir nokkrum árum brotnuðu margir staurar á hluta heiðarinnar og þá var lögð þriggja fasa lína í jörð þar, svo það er bara hálf heiðin eftir. Um leið yrði lagður ljósleiðari og það yrði varanleg lausn á netmálum.“
gun@frettabladid.is



Minningarkort á hjartaheill.is

eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar,

Reynheiður Þóra Guðmundsdóttir

Sólarsölum 7, Kópavogi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar

á heimili sínu 22. ágúst.

Útför hennar verður auglýst síðar.

Svanur Örn Þrastarson
Hafrós Lilja Svansdóttir
Hrafn Elis Svansson



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,

Maren Finnsdóttir

Austurströnd 10, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut,

sunnudaginn 16. ágúst.

Útför fer fram frá Akranes Kirkju,

fimmtudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

Vegna fjöldatakmarkana mun athöfninni verða streymt á:

Akranes Kirkja.is

Finnur Matteo Bettaglio Þóra Lucrezia Bettaglio
Kristbjörg Ólafsdóttir Finnur Gísli Garðarsson
Ólafur Magnús Finnsson og fjölskylda.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Guðmundur Rúnar Óskarsson

löggiltur endurskoðandi,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn

11. ágúst. Útförin fer fram frá

Bústaðakirkju miðvikudaginn 26. ágúst kl. 11.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir útförina, en athöfninni verður streymt á

<https://livestream.com/luxor/gudmunduroskarsson>

Þeim sem vilja minnst hans er bent á

Barnaspítalaskóli Hringinsins.

Ragnheiður H. Sigurðardóttir
Kristján Guðmundsson Sigrún Hallgrímsdóttir
Sigurður Guðmundsson Margrét María Grétarsdóttir
Guðrún Inga Guðmundsdóttir og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Sveinsdóttir

frá Bolungarvík, Kópavogstúni 9,
lengst af búsett á Digranesvegi 34,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
þriðjudaginn 18. ágúst 2020. Útför hennar fer fram frá
Digraneskirkju í Kópavogi miðvikudaginn 2. september
kl. 15. Vegna samkomutakmarkanna langar okkur að
biðja þá ættingja og vini sem hafa hug á að fylgja henni
um að hafa samband við okkur.

Guðbjörg Emilsdóttir Pétur Karl Sigurbjörnsson
Ástríður H. Emilsdóttir Pär Áhman
Guðrún Emilsdóttir
Emil, Kristín, María, Jónas, Friða, Dís, Anna Linnea,
Emil Viktor og barnabarnabörn.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUM TILBOÐ



ÚTSALA



STILLANLEG HEILSURÚM

20-35%
AFSLÁTTUR
SÝNINGARRÚM
FRÁ 250.680



— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



GRACE 160 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

72.220

VERÐ ÁÐUR 106.340

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



AVIANA 160X200CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

127.168

VERÐ ÁÐUR 187.780

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



ALPINE PILLOWTOP

183X213 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

222.166

VERÐ ÁÐUR 375.572

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík

11 | **2**
 °C | °C
 Egilsstaðir

14 | **3**
 °C | °C

Ísafjörður

9 | **0**
 °C | °C
 Kirkjubæjarkl

13 | **3**
 °C | °C

Akureyri

11 | **2**
 °C | °C
 Hveravellir

10 | **1**
 °C | °C

Hæg breytileg átt eða hafgola og bjartviðri, en skýjað með köflum suðaustanlands og sums staðar þokubakkar við sjávarsíðuna. Skýjað að mestu á morgun, en léttskýjað inn til landsins á norðaustanverðu landinu. Hiti 12 til 16 stig yfir daginn, en svalara í þokuloftinu.

Miðvikudagur

Reykjavík

11 | **2**
 °C | °C
 Egilsstaðir

13 | **1**
 °C | °C

Ísafjörður

6 | **1**
 °C | °C
 Kirkjubæjarkl

14 | **1**
 °C | °C

Akureyri

10 | **2**
 °C | °C
 Hveravellir

6 | **3**
 °C | °C

Fimmtudagur

Reykjavík

9 | **2**
 °C | °C
 Egilsstaðir

13 | **2**
 °C | °C

Ísafjörður

8 | **4**
 °C | °C
 Kirkjubæjarkl

15 | **2**
 °C | °C

Akureyri

11 | **1**
 °C | °C
 Hveravellir

8 | **3**
 °C | °C

LÉTT

7	8		4			2		
				3	1		8	4
			5		6			7
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

MIDLUNGS

	1	5		2				3
	4						2	
3			4	6	1			7
					5			6
			9	1		7		
5		4		8	2			
	5	2	1		4	9		
						4	1	
						7	3	

PUNG

9							6	
					2			4
		4		7				
5	4						3	
		2	8	9				5
7			2				8	
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 krapi
 5 eldsneyti
 6 goð
 8 hætta
 10 prófitill
 11 ráðaleysi
 12 tegund
 13 bor
 15 efnismagn
 17 dok

- LÓDRÉTT**
 1 stuttar
 2 vegsama
 3 einkar
 4 kæna
 7 alls
 9 bollaleggja
 12 ýmist
 14 skordýr
 16 utan

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 slabb, 5 krapi, 8 arfata, 10 ma, 11 samtal, 9 aforna, 12 sumt, 14 lús, 16 án.
 LÓDRÉTT: 1 skamma, 2 lora, 3 all, 4 bátur, 7 fun, 12 sort, 13 alur, 15 rúmmál, 17 staus.

Skák Gunnar Björnsson

41. Dxd4! cxd4 42. Hxe7 Hxe7
 43. Hxe7 Bxc4 44. Rxc4 Df3
 45. dxc7 Dd1+ 46. Kf2 1-0.
 Dagur og Guðmundur Kjartansson voru efstir með fullt hús eftir tvær umferðir. Þriðja umferð fór fram í gær. Vakin er athygli á beinum lýsingum á skak.is alla daga í umsjón Ingvars Þórs Jóhannssonar sem hefjast upp úr kl. 16.
www.skak.is: Íslandsmótið í skák.



Hvítur á leik

3	5	1	6	9	2	7	8	4
7	4	2	8	1	3	6	9	5
8	9	6	4	5	7	2	3	1
5	1	8	7	6	9	4	2	3
2	3	7	1	4	8	5	6	9
9	6	4	2	3	5	8	1	7
4	7	3	9	8	6	1	5	2
6	2	9	5	7	1	3	4	8
1	8	5	3	2	4	9	7	6

4	6	8	2	7	1	5	3	9
5	2	7	3	9	6	1	4	8
9	1	3	8	5	4	6	7	2
2	3	4	6	1	8	7	9	5
8	5	6	7	2	9	4	1	3
1	7	9	4	3	5	8	2	6
7	4	2	5	6	3	9	8	1
6	8	1	9	4	2	3	5	7
3	9	5	1	8	7	2	6	4

5	6	1	8	9	2	4	3	7
8	7	9	1	3	4	2	5	6
2	3	4	5	6	7	8	9	1
3	5	6	4	2	1	7	8	9
9	2	8	7	5	6	1	4	3
1	4	7	9	8	3	5	6	2
7	8	3	2	4	9	6	1	5
4	9	2	6	1	5	3	7	8
6	1	5	3	7	8	9	2	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Överli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TAKK FYRIR OKKUR

Um leið og við viljum þakka fyrir sýndan stuðning í áheitasöfnun Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka viljum við minna á að enn er hægt að styrkja aðildarfélag Sorgarmiðstöðvar inn á Hlaupastyrk. Reykjavíkurmaraþonið er ein mikilvægasta fjárföflun félaganna er standa að Sorgarmiðstöð og treysta þau á ykkar stuðning.



Hjálpðu okkur að hlúa betur að þeim sem misst hafa ástvin



Lífsgæðasetur St. Jó. Suðurgötu 41, Hafnarfirði
 Sími: 551-4141. Netfang: sorgarmidstod@sorgarmidstod.is

Standa saman sem eining á listasviðinu

Hulda Vilhjálmsdóttir og Valgarður Bragason sýna málverk á sýningu ásamt börnum sínum Braga Þór og Nínu Maríu. Fjölskyldan vann eitt verkanna í sameiningu. Kraftmikil verk þar sem litagleði er áberandi.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Draumar er fjölskyldusýning í galleri Ófeigi á Skólavörðustíg. Þar sýna Hulda Vilhjálmsdóttir og Valgarður Bragason ásamt börnum sínum Braga Þór og Nínu Maríu málverk.

„Verk mín og Valla eru tiltölulega ný, frá síðustu tveimur til þremur árum, en verk krakkanna eru mun eldri,“ segir Hulda. Verkin eru öll kraftmikil og þar er litagleðin áberandi. „Það er fjölbreytileiki í þessum myndum og ég held að þar sjáist að við erum öll óhrædd við að prófa hluti,“ segir Valgarður.

Fjölskyldan vann eina stóra mynd í sameiningu sérstaklega fyrir sýninguna. „Valli strekkti strigann og við Nína settum liti í grunninn. Síðan mættum við öll og máluðum. Þetta var skemmtilegt samstarf. Gestur sem kom á sýninguna sagði að myndin væri eins og eftir eina manneskju,“ segir Hulda.

Hulda og Valgarður starfa bæði sem myndlistarmenn. „Við ræðum myndlistina og hvetjum hvort annað. Við höfum örugglega orðið fyrir áhrifum hvort af öðru,“ segir Valgarður.



Bragi, Nína, Valgarður og Hulda lögðu öll saman og útkoman er skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Myndin sem þau unnu öll saman.

Bragi segir að Nína sinni myndlistinni meira en hann. „Ég fylgi frekar stíl pabba og Nína malar meira í stíl mömmu,“ segir Bragi.

„Nína kemur mikið á vinnustofuna og þar kenndi ég henni að mála abstrakt. Það er mjög áhugavert að vinna abstrakt, það er líka vandasamt og til að það gangi upp þarf að huga mjög að myndbyggingunni,“ segir Hulda. „Mig langar að bjóða krökkum á námskeið, ekki bara mínum krökkum. Mér finnst börn vera bestu gagnrýndurnir því þau eru opin og segja sannleikann.“

Krakkarnir okkar eru unglingar og það er jákvætt að þau skuli vilja taka þátt í sýningu þar sem við stöndum saman sem eining. Mér finnst það sýna hvað þau eru kjörkuð.“

„Þetta er búið að vera óskaplega gaman,“ bætir Nína við.

Vandað yfirborð, en hvað svo?

GEISLADISKUR

Atonement. The Music of Páll Ragnar Pálsson

★★★★★

Sono Luminus

Tónsmíðuferlið er eins konar hugleiðsla, segir Páll Ragnar Pálsson í bæklingnum sem fylgir geisladiski með tónlist hans. Hann kveðst ekki byrja á upphafsreit þegar hann hefur smíði nýs verks. Hann heldur bara áfram þar sem frá var horfið í síðasta verki. Eitt hljóð getur af sér annað, eins og grein á tré.

Tónlist hans er túlkun, fremur en valdbeiting eða vitsmunaleg rökræða. Hún flæðir, eða svo skyldi maður ætla af lestri bæklingins. Þetta hljómar ágætlega, eða hvað?


Fimm verk eftir Pál eru á geisladiski sem ber heitið Atonement, og er það jafnframt titillinn á einni tónsmíðinni. Caput-hópurinn leikur í mismunandi samsetningum og Tui Hirv sópran syngur í þremur verkanna. Flutningurinn er vandaður og nostursamur. Þannig á hann einmitt að vera, því í tónlist Páls er mikið af finlegum blæbrigðum.

Ljóð liggja til grundvallar fjögurra tónsmíða, og tónskáldið hefur aðallega reynt að endurvarpa á tónastrengina merkingu hvers orðs og hvernig setningar. Alls konar myndlíkingar koma því við sögu í tónlistinni. En hvað svo?

Myrkrið ræður ríkjum

Áður en spurningunni er svarað er rétt að geta þess að aðferðin er gamalreind. Svipað er uppi á teningnum hjá ótal öðrum tónskáldum, á einn eða annan hátt. Bach gamli notaði aðferðina til dæmis ríkulega í messum sínum. Þar er að finna margbrotna táknfræði sem endurspeglar guðfræðilegar vangaveltur. Í verkum hans er andi og ljós, en myrkrið ræður ríkjum í tónlistinni eftir Pál. Og það er ekkert spennandi.

Fjölbreytt áferð er að vísu forvitnileg til að byrja með, en svo ger-



**ÞRÁTT FYRIR MIS-
MUNANDI HLJÓÐA-
SAMSETNINGAR OG HENDINGAR
SEM ENDURSPUGLA ORÐIN Í
LJÓÐUNUM, FER TÓNLISTIN
ALDREI Á FLUG.**

ist fátt. Þrátt fyrir sífellda iðu smágerðra hendinga og hljóma, sem eru vissulega snyrtilegir, vantar stærri myndina. Framvindan er máttlaus, engin saga gripur hlustandann. Tónlistin er eins og drungalegt, óáhugavert landslag, og manni líður fljótt illa þar. Svárið við spurningunni hér að ofan – En hvað svo? – er því: Ekkert.

Ekkert gerist

Gallinn við tónlistina er nefnilega hversu andlaus hún er. Þrátt fyrir mismunandi hljóðasamsetningar og hendingar sem endurspeglar orðin í ljóðunum, fer tónlistin aldrei á flug. Hið sama er endurtekið aftur og aftur. Útkoman er endalaust myrkur. Reyndar getur myrkrið verið spennandi, eins og til dæmis í músikinni eftir Ligeti eða Penderecki, þar sem maður fær nasasjón af helvíti, sem er viss opinberun. Hér er hins vegar eins og tónskáldinu liggi fátt á hjarta, annað en að vera með þráhyggju. Og þráhyggjan er því miður fyrir einhverju sem manni kemur bara hreint ekkert við.

Jónas Sen

NIDURSTADA: Góður flutningur, en leiðinleg tónlist.

Framhaldsaðalfundur VM 2020

Framhaldsaðalfundur VM verður haldinn
fimmtudaginn 3. september á Grand Hótel Reykjavík.

Vegna sóttvarnarreglna þarf að skrá sig á fundinn,
nánar um skráningu á heimasíðu félagsins, vm.is

DAGSKRÁ FUNDAR HEFST KL 17:00

- Setning framhaldsaðalfundar
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Kjör endurskoðenda
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lagabreytingar og reglugerðir
- Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- Kjör kjörstjórnar
- Önnur mál

Vegna aðstæðna
verður ekki boðið
upp á veitingar að
fundi loknum.



Félag vélstjóra og
málmtækninga

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Gengið á Dólómítana Ferðapáttur um leiðangur Íslendinga um ítölsku Dólómítana.
20.30 Lífið er lag Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttapáttur á þriðju-degi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringapáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Bærinn minn Þátturinn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005
13.25 Gleðin í garðinum
13.55 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
14.45 Fisk í dag
14.55 Gettu betur 2011
15.55 Kastljós
16.10 Menningin
16.20 Bækur sem skóku samfélagið
16.25 Manstu gamla daga?
17.10 Menningin - samantekt
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr
18.29 Fjölskyldukagginn
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Þöndurnar koma - Kafloðni diplómatar Heimildamynd um komu panda í dýragarðinni Kaupmannahöfn. Fylgst er með baráttunni fyrir að fá þöndurnar til landsins þar sem drottningin, forsætisráðherrann og fleiri koma við sögu.
20.45 Eystrasaltsfinnarnir
21.25 Parísarsögur
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Djúpríkið Breskir spennuþættir um fyrrverandi njónnara leyniþjónustunnar sem tekur að sér eitt verkefni til viðbótar í von um að endurheimta líf sitt. Aðalleikarar: Mark Strong, Joe Dempsie, Karima McAdams, Lyne Renée og Anastasia Griffith. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Kennarinn Pólsk spennuþáttaröð um menntaskólakennara sem flyst frá Varsjá til smábæjarins Dobrowice og hefur störf við menntaskóla í bænum. Þegar einn af nemendum skólans finnst myrtur hefur kennarinn sína eigin rannsókn á málinu og er staðráðinn í að komast að sannleiknum. Aðalhlutverk: Maciej Stuh, Katarzyna Dabrowska og Paulina Szostak. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.
00.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

12.00 PGA Tour 2020
16.00 PGA Tour 2020
20.00 PGA Tour 2020
01.00 PGA Tour 2020

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

Stillanlegt **SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL** er vandað heilsurúm í fimm stjörnu hótél-rúmalínunni frá Serta. Rúmunum fylgir metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í nýrri íslenskrí þýðingu en höfundurinn, dr. Matthew Walker, er vantanlegur til Íslands í haust sem aðalfyrirlesari ráðstefnu um mikilvægi svefns. **BETRA BAK** mun draga út 10 kaupendur **VIVANT SPLENDID ROYAL** rúma sem munu fá aðgangskort að ráðstefnunni.

VIVANT SPLENDID ROYAL heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og laga það fullkomlega að þér. Þráðlaus fjarstýring kemur þér í þá stöðu sem best hentar þér. Virkilega góður stuðningur er við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði

gerir svefnstillingu þína eins náttúrulega og mögulegt er. Hægt er að velja um tvo stíflaika á dýnunni, millistífa og stífa (medium og firm), allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf og vinnur vel á móti fjöðruninni í botninum og dýnunni. Yfirdýnan er gerð úr kaldpressuðum svampi. Höfðagaflinn er fágáður og stílhreinn, 120 cm há. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið en hvort tveggja er selt sér.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT HEILSURÚM

(dýna, botn, fjarstýring, gafl og lappir)

Stærð	Fullt verð	Með 15% afslætti
160 x 200 cm	499.900 kr.	424.915 kr.
180 x 200 cm	599.900 kr.	509.915 kr.
180 x 210 cm	609.900 kr.	518.415 kr.
200 x 200 cm	659.900 kr.	560.915 kr.



Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker fylgir kaupum á Serta Vivant Splendid Royal stillanlegum rúmunum. Bókin hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Verðmæti: 3.490 kr.

Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Hann er aðalfyrirlesari ráðstefnu sem haldin verður í Eldborgarsal Hörpu 19. október nk. Þar sem farið verður ítarlega yfir mikilvægi svefns fyrir einstaklinginn, fyrirtæki og samfélagið í heild.

Dregið verður úr nöfnum þeirra sem kaupa Vivant Splendid Royal rúm og munu 10 heppnir kaupendur fá aðgangskort á ráðstefnuna.

Verðmæti: 29.900 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566



STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Ultimate Veg Jamie
10.50 First Dates
11.40 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 X-Factor: Specials - All stars
14.05 X-Factor: Specials - All stars
15.15 Ísskápastríð
15.50 The Great British Bake Off
16.50 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Óminni Magnaðir heimildapættir sem veita okkur innsýn í íslenskan veruleika ungs fólks sem ánetjast hefur fikniefnum.
19.45 Mom
20.05 God Friended Me
20.50 Blindspot
21.35 All American Önnur þáttaröð þessara dramatisku þátta sem fjalla um upprennandi ungan mann, sem brennur fyrir amerískum fótbolta, úr fátækrahverfi Los Angeles og er boðin staða í ruðningslíði Beverly Hills. Þegar á líður reynir á fjölskyldu- og vinnuböndin þegar þessir tveir heimar mætast og keppast um athygli söguhetju okkar.
22.00 Room 104
22.45 Last Week Tonight with John Oliver
23.20 The Bold Type
00.00 Absentia
00.50 Cherish the Day
01.30 Dublin Murders
02.25 Dublin Murders
03.20 Dublin Murders
04.20 Dublin Murders

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Dóra könnuður
08.20 Mörgæsinnar frá Madagaskar
08.45 Mæja býfluga
08.55 Áfram Diego, áfram!
09.20 Svampur Sveinsson
09.45 Stóri og Litli
09.55 Strumpanir
10.20 Skoppa og Skritla á póstkorti um Ísland
10.35 Ævintýraferðin
10.45 Billi Blikk
10.55 Dóra könnuður
11.20 Mörgæsinnar frá Madagaskar
11.45 Mæja býfluga
11.55 Áfram Diego, áfram!
12.20 Svampur Sveinsson
12.45 Stóri og Litli
18.30 Alpha og Omega
19.55 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.05 Supernatural
21.50 Insecure
22.20 Orange is the New Black
23.15 Krypton
00.00 Friends
00.20 Friends
00.45 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Breiðablik - Selfoss
09.40 Stúkan - aukapáttur
10.55 FH - HK
12.40 KR - Valur
14.20 Gróttá - Breiðablik
16.00 Selfoss - KR
17.45 Stúkan - aukapáttur
19.05 Fylkir - Fjölnir
21.10 ÍBV - Fram
22.50 ÍBV - Þór/KA
23.05 Breiðablik - Selfoss

STÖÐ 2 BÍÓ

08.45 Secret Life of Walter Mitty
10.35 Gold
12.35 Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
14.50 Secret Life of Walter Mitty
16.40 Gold
18.40 Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
21.00 The Favourite
22.55 Only the Brave
01.05 Captive State
02.50 The Favourite

GÓLFEFNA
ÚTSALA 30-70%
AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

*Gildir frá verðlistaverði



 **ÁLFABORG**
- síðan 1986 -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Tilvalin
fermingargjöf

DORMA

Láttu drauminn ræstast

Ótrúlegt ... en satt!

Hverri Everley og Oakley heilsudýnu fylgir vandað Aspen fjallahjól að verðmæti 59.000 kr.*

www.dorma.is
SENDUM
FRÍTT

OAKLEY

heilsudýnan frá Primo er með vönduðu pokagormakerfi sem veitir mikinn og góðan stuðning. Yfirdýnan er gerð úr mismunandi svamplögum sem og visco

lagi sem aðlagast að líkama þínum og heldur honum í réttu stellingu út nóttina. Oakley heilsudýnan er með kantstyrkingum sem eykur svefnsvæði hennar og endingu. Oakley er millistífl/ stífl og hentar því breiðum hópi.



EVERLEY

heilsudýnan frá Primo er gerð úr 13 gr. pokagormum sem veita hinn fullkomna stuðning. Stífir kantar auka svefnsvæði dýnnar. Yfirdýnan er þykk og þægileg og gerð úr nokkrum

mismunandi svamplögum. Viscolag gefur líkamanum þann stuðning sem hann þarf. Dýnan er mýkri á axlar- og mjaðmasvæði til að líkami þinn fái eins náttúrulega sveigju og mögulegt er. Everley er millistífl/ mjúk og ein vinsælasta dýna Primo.

Oakley og Everley heilsudýnur (með Aspen fjallahjóli).
Fáanlegar 120, 140, 160 og 180 x 200 cm.

Verðdæmi: OAKLEY (30 cm þykk) 120x200 cm
Stök dýna 139.900 kr. Verð m/ Classic botni 175.900 kr.

Verðdæmi: EVERLEY (35 cm þykk) 120x200 cm
Stök dýna 149.900 kr. Verð m/ Classic botni 185.900 kr.

ASPEN 26" FJALLAHJÓL

ASPEN
fjallahjól að verðmæti
59.000 kr.
fylgir með Oakley &
Everley heilsu-
dýnum

- 26"
- 21 gir
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glítaugu



* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Tobba er að eigin sögn sælkeri og hefur lengi haft áhuga á hollum en góðum mat. MYND/ÍRIS ANN SIGURDARDÓTTIR

Sóttkvíarbomba án sykurs en gómsæt

Tobba Marinós gaf út matreiðslubókina Náttúrulega sætt fyrir þremur árum en í henni má finna uppskriftir að hollari eftirréttum. Hér deilir hún uppskrift að sykurlausri sóttkvíarbombu.

Fjölmíðlakonan Þorbjörg Marinós dóttir, flestum kunn sem Tobba Marinós, lenti í sóttkví nú á dögnum. Hún hefur staðið að gerð tveggja matreiðslubóka. Í eftirréttabókinni Náttúrulega sætt lagði hún upp með að nota einungis náttúrulega sætu. Hér deilir hún með okkur uppskrift að sykurlausri sóttkvíarbombu.

MOLI HÉR OG ÞAR KEMUR ÞÉR AUÐVELDLEGA Í GEGNUM DAGINN EN ÞAÐ SKAL VARA SIG Á AÐ GÚFFA EKKI KÖKUNNI Í SIG ÞVÍ HÚN ER VISSULEGA HITAEININGARÍK.

„Í tveggja vikna sóttkví togudust á tveir heimar. Sá sem vill að þú leyfir þér allt í heiminum því þú átt allt gott skilið vegna þess að þú getur ekki umgengist fólk eða spókað þig í verzlunum. Svo er það hin hliðin á peningnum, að þú hreyfir þig hugsanlega minna þar sem ekki er í boði að fara á líkamsræktarstöðvar né eru útihlaup vel séð meðal samferðarmanna. Allavega lenti ég í því að fólk tók „sóttkvíarveginn“ og reyndi að hlaupa yfir götu ef það sá mig.“ segir Tobba.

Hér er því komin hollari útgáfa að súkkulaðiköku, næringarríki og lausri við viðbættan sykur og almennan viðbjóð að hennar sögn. „Moli hér og þar kemur þér auðveldlega í gegnum daginn en það skal vara sig á að gúffa ekki kökunni í sig því hún er vissulega hitaein- ingarík,“ segir Tobba.

steingerdur@frettabladid.is



Tobba segir að þrátt fyrir að kakan innihaldi ekki sérstaklega viðbættan sykur þá sé hún vissulega nokkuð hitaeiningarík. MYND/TOBBA MARINÓS

Botn

2 bolli döðlur
1 bolli rúsinur
½ dl kókosolía
2 msk. kakó
3 bolli hnetur t.d. pekanhnetur eða valhnetur
½ tsk. salt

Krem

½ bolli kókosolía
½ hnetusmjör
2 msk. rjómi eða kókosrjómi
2 msk. kakó
12 döðlur
½ bolli salthnetur, saxaðar – til að setja ofan á kökuna

1. Látið hneturnar í matvinnsluvél og blandið vel saman eða þar til þetta er orðið eins og gróft mjöl.
2. Bætið afgangi af hráefnunum í blandarann og blandið þar til þetta er orðið að kekkjalausri deigkúlu.
3. Mótið kökuna með því að þrýsta henni ofan í sílikonmót og kælið á meðan kremið er gert.

Bræðið oliuna og hnetusmjörið saman í potti. Setjið allt saman við og látið döðlurnar mýkjast. Setjið svo allt í blandara svo kremið verði kekkjalaust. Smyrjið á kökuna og stráðið salthnetum yfir. Kælið

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



KFC

BIÐIN ER Á ENDA
HANN ER MÆTTUR AFTUR

BUFFALO BORGARI



pepsi

MAX



1.299 kr.

Original kjúklingaborgari með buffalo-sósu, káli og léttmæjó.

ÞÚ GETUR BREYTT Í
EKKI BORGARA

1.999 kr.

Buffalo borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Lindu appelsínusúkkulaði.

Dóra pissaði í sig af hlátri uppi á sviði

Improv skólinn hefur nú opnað fyrir umsóknir á námskeið, en á þeim verður sóttvarnareglum fyllilega fylgt eftir. Nú þegar er uppselt á nokkur helstu námskeiðin að sögn skólustjóra skólans, **Dóru Jóhannsdóttur**.

Dóra Jóhannsdóttir er búin að njóta sumarfrísins og opnar nú Improv skólann, en hún stofnaði Improv Ísland árið 2015 og var þar listrænn stjórnandi þar til 2019. Núna er Dóra skólustjóri Improv skólans. Hún hefur til að mynda tvisvar leitt handritsvinnuna fyrir Skaupið og hefur mikla reynslu í „sketcha“-gerð. Í skólanum verður boðið upp á námskeið bæði í spuna og „sketcha“-skrifum.

„Ég er búin að vera að njóta mín í sumarfríi. Datt inn í að spila rosa mikið golf og er á hjólabrettanámsskeiði með syni mínum, sem er fáránlega skemmilegt. Næstum eins skemmtilegt og spuni. Svo er ég nýbyrjuð í Hússtjórnarskólanum sem er geðveikt. Útsaumur, þrjón og eldamennska alla daga. Ætlum að sulta í vikunni og svo munum við taka slátur,“ segir Dóra.

Dóra hefur lengi verið einn helsti spunaleikari landsins en hún kynntist spanum þegar hún var búsett úti í New York.

„Ég var að leita mér að einhverju að gera þegar ég slysaðist inn á spinasýningu þar. Ég var alveg agndofa yfir hæfileikum spunaleikaranna og hló og hló og vissi strax að þetta væri eitthvað sem ég þyrfti að læra,“ segir hún.

Lærði með heimþekktum höfundum

Hefur þú sjálf lent í einhverju óvanalegu á sýningu?

„Ég hef pissað í mig af hlátri á sviðinu. Það var frekar vandræðalegt.“

Dóra hefur bæði verið með kennara og samnemendum sem hafa skrifað og leikið fyrir heimsþekktu sjónvarpsþætti.

Ég hef verið með marga kennara og samnemendum í spuna og „sketcha“-skrifum sem hafa verið að leika og skrifa fyrir alls konar gamanþætti eins og fyrir Saturday Night Live, Jimmy Fallon, Key and Peele, The Good Life, Broad City og fleiri. Við í Improv Ísland höfum farið þrisvar sinnum á spunafestival í NY og hittum fullt af fólki þar,“ segir hún.

Því miður hafa námskeið og sýningar legið niðri vegna heimsfaraldursins COVID-19.

„Já því miður, en námskeiðin eru komin aftur af stað með næstum helmingi færri nemendum á hverju



Dóra heillaðist af spunaleiknum þegar hún var búsett í New York. Hún hefur haldið mörg námskeið í Improv og hefur einnig mikla reynslu í „sketcha“-skrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON



Dóra á sýningu Improv Ísland, sem hún stofnaði árið 2015.

ÉG VAR ALVEG AGNDOFA YFIR HÆFLEIKUM SPUNALEIKARANNA OG HLÓ OG HLÓ OG VISSI STRAX AÐ ÞETTA VÆRI EITTHVAÐ SEM ÉG ÞYRFTI AÐ LÆRA.

námskeiði til að tryggja fjarlægð milli allra. Maður þarf ekkert að vera ofan í fólki til að gera grín,“

Snýst ekki bara um hómor

Dóra hefur staðið fyrir námskeiðum í spuna og „sketcha“-skrifum síðan 2013.

„Ég er búin að vera lengi á leiðinni

FÓLK TALAR MIKIÐ UM ÞAÐ EFTIR NÁMSKEIÐIN AÐ ÞAÐ GETI NOTAÐ ÞETTA Í LÍFI OG STARFI, HVORT SEM ÞAÐ ERU HJÚKRUNARFRÆÐINGAR, KENRARAR EÐA JAFNVEL PÓLÍTÍKUSAR.

að stofna Improv skóla og dreif loksins í því núna. Ég er að kenna ásamt spunaleikurum úr sýningarhópi Improv Ísland,“ segir hún.

En hvað lærir maður eiginlega í Improv skólanum? Snýst þetta ekki um meira en að vera bara myndin?

„Jú, eiginlega er bannað að hugsa og bannað að reyna að vera myndin. Maður verður eiginlega að vera bara í algjörru hlustun og núvitund. Og fókusinn er alltaf á að styðja mótaleikarann, ekki vera í egóinu og reyna að vera stjarna sýningarinnar,“ segir Dóra.

Mikið hlegið

Dóra er handviss um að það að læra Improv-listina geti hjálpað fólki

á ýmsum sviðum, ekki bara í leik heldur líka í lífi og starfi.

„Fólk talar mikið um það eftir námskeiðin að þau geti notað þetta í lífi og starfi, hvort sem það eru hjúkrunarfræðingar, kennarar eða jafnvel pólitíkusar. Ég kenndi svo Improv í meðferð sem ég var í í vor og það var talað um að það hefði mikið meðferðarlegt gildi,“ segir hún.

Strax er orðið uppselt á mörg af námskeiðunum

„Boðið verður upp á Improv- eða spananámskeið fyrir alla á aldrinum 18-80 ára og „sketcha“-skrifnámskeið þar sem fólk lærir að skrifa grín og fær líka innsýn inn í skrifferli eins og er til dæmis í Áramótaskaupinu. Það er alltaf hlegið mjög mikið á námskeiðum og ég hvet fólk til að skrá sig snemma þar sem langflest námskeiðin hingað til hafa verið með biðlista,“ segir Dóra.

Hægt er að skrá sig á námskeið og nálgast frekari upplýsingar á improvskolinn.is.

steingerdur@frettabladid.is

DEMANTS HRINGURINN

Menningarminjar og náttúruperlur á Norðurlandi

demantshringurinn.is

ÍSLAND KOMDU MEÐ

1011

LÆGRA VERÐ Á HEIMILISVÖRUM

MYLLAN
HEIMILISBRAUÐ
770G
439
KR/STK
570 KR/KG



BARILLA
SPAGHETTI
1 KG
279
KR/STK
279 KR/KG



SMJÖRVI
400G
577
KR/STK
1443 KR/KG



FLORIDANA
APPELSÍNU EÐA
EPLASAFI 1L
179
KR/STK
179 KR/L



GÓÐOSTUR
SNEIÐAR 26%
330 G
795
KR/STK
2409 KR/KG



GEVALIA
KAFFI 500 G
659
KR/STK
1318 KR/KG




STJÖRNU-
EGG STÓR
816 G
579
KR/STK
710 KR/KG



MS
LÉTTMJÓLK
D-VÍTAMÍNÆTT 1 L
195
KR/STK
195 KR/L





BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Andleg hægðatregða

Tyrkneskur kaupþýslumaður er að njóta ásta með ungri og fjarskyldri frænku sinni, Fusun að nafni, þegar hún missir eyrnalokk. Þegar ástkonan er gengin honum úr greipum verður hann heltekinn af þessum eyrnalokki sem verður minjagripur um hans mestu sælustund. Hann fer að safna öðrum gripum sem tengjast henni en á sama tíma kemur þessi söfnunarárætti í veg fyrir að sælustundir hans verði fleiri.

Svona fjallar Orhan Pamuk um það sem kalla mætti andlega hægðatregðu í bókinni Sakleysis-safnið. Það hendir okkur flest að eitt sinn finnist okkur við hafa himinn höndum tekið og allt sem minnir á þá stund verður að heilagri kú. Við leysum vandamál heimsins með hugmyndafræði formannsins og uppfrá því sjáum við heiminn í litum flokksins og skiptir þá engu hversu heimurinn eða flokkurinn breytast. Við upplifum sigurstund með klúbbnum og eftir það á alltaf að dæma viti þegar liðsmenn hans detta. Þessi tregða skyggir á þann sannleika að þó skiptilykill hafi bjargað okkur einu sinni þá eru til aðstæður þar sem hann kemur ekki að neinum notum. Og eins það að oft er ástarglóðin sem iljaði okkur í gær farin að kynda undir öðrum ástum í dag.

En svo koma krísutimar og þá lenda margir í því að þurfa að hugsa hluti uppá nýtt, kannski að sleppa takinu á eyrnalokkunum hennar Fusunar. Það er hollt því heimurinn er hverfull og því afar ódæll við þá sem hanga á gömlu gloriunni eins og hundar á roði. En það breytir því ekki að sú ljóshærða í Abba er ferurst kvenna og Ipswich Town er best.



FRÍR
FLUTNINGUR
UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR



GÆÐARÚM Á FERMINGARTILBOÐI



10.000 KR.
AUKAFLÁTTUR
AF FERMINGAR-
RÚMUM



ÝMIR

5 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA

Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm

Verð áður kr.-69.900

NÚ AÐEINS KR. 59.900

120x200 cm

Verð áður kr.-84.900

NÚ AÐEINS KR. 74.900

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

FRIGG/ÓÐINN

HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPTAR HEILSUDÝNUR

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm

Verð áður kr.-99.900

NÚ AÐEINS KR. 89.900

120x200 cm

Verð áður kr.-119.900

NÚ AÐEINS KR. 109.900

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eda breytingar.

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

20%
AFSLÁTTUR
AF MJÚK-
VÖRU

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM, HEILSUKODDUM OG RÚMFÖTUM



Svefn & heilsa

★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURNSNES 6 - AKUREYRI

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURNSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir



VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is



Fyrir svanga
ferðalanga

Kvikk



Nældu þér í einn
ískaldann...



Kvikk





**Ertu snillingur
í að pæla í
hlutunum?**

**Notaðu þína krafta til að
þróa Ökuvísinn með okkur**

Við óskum eftir áhugasömu fólki til að pæla með okkur og spyrja réttu spurninganna. Við viljum vita hvað þér finnst. Í alvöru. Hjálpumst að við að gera umferðina öruggari og breyta því hvernig tryggingar virka.

Nánar á vis.is/okuvisir

SPJALLARINN



**Getur þú talað
um hvað sem er,
hvar sem er?**

Notaðu þína krafta til að þróa Ökuvísinn með okkur

Við gætum verið að tala saman! Ertu til í að vinna með okkur í fullu starfi við að þróa Ökuvísinn? Starfið er tímabundið en launað. Við þurfum þína hjálp til þess að miðla þælingum, hugmyndum og vangaveltum. Þú þarft að geta byrjað strax því við ætlum að vinna þetta eins hratt og hægt er.

Nánar á vis.is/okuvisir